


Viðhaldsefni

fyrir hellur og innkeyrslur



STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Picscoat - falleg áferð

PICSCOAT er akrílyfirborðsefni til að endurnýja og viðhalda yfirborði á malbikuðum flötum. Auk þess að gefa yfirboðinu nýtt útlit hindrar efnið veðrun og auðveldar öll þrif. Efnið kemur líka í veg fyrir sprungumyndanir og lokar sprungum og hindrar skilyrði fyrir gróðurmyndun.



PICSCOAT er borið á með rúllu og myndar 1,5 - 2,5 mm lag yfir flötinn.



Með PICSCOAT má halda planinu eins og nýju og láta það endast mun lengur.

Úrval viðhaldsefna - fyrir mynstursteypu

- PICSEAL yfirborðsefni – vörnin sem verndar og viðheldur útlitinu.
- PICSCLEAN hreinsiefni fyrir undirvinnuna, vinnur á olíublettum o.fl.
- PICS Rhino Grip hálkuvörn fyrir hála fleti. Efnið er finunninn sandur sem bætt er út í efsta lag PICSEAL yfirborðsefnisins.



PICSCLEAN
hreinsiefni



PICSEAL
yfirborðsefni
5 og 25 lítra



PICS
Rhino Grip
hálkuvörn

Picseal

- og planið er eins og nýtt

PICSEAL er yfirborðsefni fyrir steypa fleti eins og hellur og mynstursteypu. Efnið lokar yfirborðinu og ver það fyrir vatni, salti og sól auk þess sem það hindrar að efni eins og olía og tyggigúmmí nái að festast við yfirborðið.



Auðvelt er að meðhöndla efnið og má bæði rúlla og úða efninu á flötinn. Mikilvægt er að flöturinn hafi verið hreinsaður vel áður.

Hægt er að fá efnið í 5-50 lítra einingum, bæði með mattri og glansandi áferð.

Efnið endist í 4-5 ár.

Efnið er umhverfisvænt.

Úrval viðhaldsefna - fyrir hellur

Í múrverslun Steypustöðvarinnar færðu úrval viðhaldsefna til þess að viðhalda útliti hellanna og lengja endingu þeirra. Meðal efna eru;

- PICSEAL yfirborðsefni – vörnin sem verndar og viðheldur útlitinu.
- PICS mosaeyðir - hindrar gróðurmyndun og verndar yfirborðið.
- PICSCLEAN olíuhreinsir- vinnur á blettunum og tyggigúmmíklessunum.
- Fúgusandur frá Steypustöðinni, sérgerður til að hindra gróðurmyndun.
- Leiga á hreinsitækjum.



PICS Mosaeyðir



PICSEAL
yfirborðsefni
5 og 25 lítra



PICSCLEAN
hreinsiefni



Fúgusandur

Graffiti Barrier

-Vörnin gegn veggjakrotinu

Graffiti Barrier frá Rescon er versti óvinur veggjakrotaranna. Efnið er borið á þá fleti sem verða sífellt fyrir barðinu á þessum ljóta ósið eða mikilvægt er að fá að vera í friði. Efnið má nota á marmara, granít, steypa veggi og timbur. Efnið inniheldur vax sem kemur í veg fyrir að olíumálning festist við fletina og nái að síast undir yfirborðið.

Til þess að þrifa veggjakrot í burtu er nauðsynlegt að nota háþrýstidælu fyrir heitt vatn. Efnið er síðan borið aftur á flötinn þegar hann er orðinn þurr.



Megarens

-Hreinsiefni fyrir flísar og húsaklæðningar

Megarens frá Rescon er frábært hreinsiefni fyrir flísar jafnt úti sem inni auk þess sem það nýtist vel á húsaklæðningar þar sem fjarlægja þarf ýmis- konar óhreinindi. Efnið hentar vel til að þrifa leifar af sementi, kalki, kristalísingu sem og olíu og öðrum kemískum efnum.

Efnið, sem er fljótandi, er borið á með moppu eða bursta. Efnið er síðan látið standa í u.þ.b. 5 mínútur en svo skrúbbað með bursta eða svampi og síðan þvegið af með vatni nokkrum sinnum.

Megarens er gert úr lifrænni sýru og hentar ekki á marmara eða annan kalkríkan stein.

Nauðsynlegt er að fylgja leiðbeiningum. Leitið upplýsinga hjá sölumönnum.

